# Ulf Jónsson, Ljósafossi

Bjarni Benediktsson Ulf Jónsson, Ljósafossi

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Ljósafoss 6/11-1942

Kæri Bjarni!

Mig langaði til þess að biðja þig, innan um öll hin stærri málin, að taka mig og mitt ástand til velviljaðrar athugunar. Eins og þjer mun kunnugt, hef jeg síðan jeg byrjaði að vinna hjer, unnið fyrir tímakaup; þannig nú síðast 8 tíma + 2 tíma eftirvinnu á dag, nema aðeins 8 tíma á laugardögum. Nú um síðastliðin mánaðamót var sú breyting gerð, eins og þjer er að sjálfsögðu einnig kunnugt, að framvegis yrði aðeins unnið 8 tíma á degi hverjum. Hversu víða þetta gildir, eða hversu lengi það fyrirkomu-lag á að haldast, hvort aðeins nokkra vetrarmánuði eða um óákveðinn tíma, veit jeg ekki. Í fram-kvæmdinni þýðir það hjá mjer fyrir Nóvember mánuð tekjurýrnun úr Kr. 1380.96 í Kr. 1050.00.

Í þessu sambandi dettur mjer í hug, hvort ekki væri nú hægt að gera mig að föstum starfsmanni hjer, eins og jeg nú raunverulega virðist vera, og setja mig niður í t.d. VII launaflokk bæjarins það mætti, finnst mjer, verja það að kalla mig

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

t.d. húsvörð, meðan jeg gegni svipuðu st[...]
og nú er, (alveg burtsjeð frá því, hversu mjö[g]
mig langar til að gera eitthvað annað p[...]
er betur væri við mitt hæfi og ekki út af e[...]
leiðinlegt) Jeg er nú byrjaður fjórða árið hjer,
ef jeg væri nú settur á t.d. 380 kr. grunnkaup [...]
þessi 30 og 25% og barnauppbót, mundi það með
vísitölu 250 gera 1337.50 (Barnauppbótin kr. 125.00 þar
meðtalin) Jeg get sagt þjer alveg eins og er, að með
5 börn, væri jeg ekkert ofhaldinn með slíku kaupi.

Að svo stöddu mundi jeg ekki gera neina tilraun til
að fá breytingu á húsnæðismálinu; láta það að öllu
leyti vera í sama formi og nú er.

Þetta var nú það, er jeg vildi sagt hafa,
og biðja þig athuga, helst fljótlega og umfram allt
með velvild. Ef þjer fyndist þörf að ræða þetta
nánar við mig, er vitanlega alltaf hægt að segja
mjer að koma til fundar við þig, nema ef þig skyldi
langa til að ~~ef~~ fá þjer friskt loft og renna hingað
austur einn eftirmiddag.

Með bestu kveðju

Ulf Jónsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur